

Sp. 557. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk prófasts og presta í Árnesþingi. Um ástæður fyrir málinu visast til bréfs frá prófastinum í Árnessýslu, sem prentað er hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ÁRNESPRÓFASTSDÆMI

1. desember 195ð.

Á héraðsfundi Árnesprófastsdæmis, sem haldinn var að Eyrarbakka 22. dag októbermánaðar s. l., var borin fram og samþykkt einum huga allra fundarmanna eftirfarandi tillaga:

„Héraðsfundur Árnesprófastsdæmis, haldinn að Eyrarbakka 22. okt. 1955, beinir þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar, að endurreistur verði reglulegur biskupsstóll í Skálaholti og verði slík löggjöf sett á þingi því, er nú situr, og færð Skálaholti að gjöf á afmæli biskupsstólsins næsta Hvítdróttinsdag.“

Jafnframt því að tilkynna inu háa Alþingi þetta, get ég þess, að við visitazíugjörð að Skálaholti 16. október s. l. var gjörð eftirfarandi bókun:

„Um endurreisn staðarins í heild er prófastur, sóknarprestur, safnaðarfulltrúi, sóknarnefnd og söfnuður allir einhuga. Er það óskoruð ósk og vilji og skoðun, að Skálaholtsstað sé eigi fullkosta gjört fyrr en kominn er fullkominn biskupsstóll endurreistur í Skálaholti og út frá honum skólar og aðrar mennta- og menningarstofnanir, s. s. menntaskóli (lærðiskóli), Árnasafn o. s. frv.“

Ekki efa ég þekkingu háttvirtra alþingismanna á öllum sögulegum rökum, sem óskir þessar og beiðni eru reistar á. Einnig ber að efa eigi vitund ins háa Alþingis um þörf samtíðarinnar og komandi alda á vaxandi menningu, siðgæði og kristinni trú. En það er trú vor og vissa í senn, að enginn staður né stofnun sé jafnlíkleg til að vera stíær uppspretta þess og æ streymandi lind sem Skálaholtsstaður og biskupsstóll þar með öllum gæðum og aðbúnaði, sem honum hæfir og ber.

Á meðan stóll og skóli í Skálaholti var haldinn í hefð og réttu gildi, var menning og hamingja þjóðar vorrar mest. Og ætlun vor er, að af grunni Skálaholtsstóls og úr moldum þess staðar risi aftur hamingja vor og gifta öll, ef vér endurvekjum þau vor þöglu heit við þann, er staðinn gaf og festi þar biskupsstól, meðan kristni má haldast í landi voru.

Sagan greinir, að því meir sem seilzt var til valda og muna Skálaholtsstóls, því rýrari var gifta þjóðarinnar, sem átti Ísleif, Gissur, Ara og Snorra, Klæng og Gissur Hallsson, Jón helga og Ketil og Þorvarð Spakböðvarsson o. m. fl., o. m. fl. Í móðuharðindum logaði kyndill kristinnar enn á Skálaholtsstað, þó að blaktandi væri loginn. En úr því er hann slökktur, og hagur og örlög þjóðarinnar missir uppsprettunnar, sem veitti fjörvi, angan og unaði í erfiði jafnt sem fagnað. Kristnihald daprast, og erfitt varð að tengja ina fornu þráðu inum nýja stól í Reykjavík.

Enn er kristni í landi voru. Það ber oss að þakka, en um leið að briggja eigi samningi við þann höfðingjann, sem stórmannlegast fórst við kirkju vora og „bezt var fallinn til að bera hvert tignarnafn, sem hann hlyti“.

Síðan biskupsstólarnir inir fornu voru afnumdir, eru söfnuðirnir sem fjölskylda dreifð og heimilislaus. Svára má því, að kirkjurnar og þjónustan þar sé þeim nóg. Enginn mælir því í gegn, að hún sé in fyllsta nauðsyn og sjálfsögð sem andardráttur manningnum. En raun aldanna kennir, að þá hvarflar til ins lakara og daprara, þegar biskupsstólar eru lagðir í auðn.

Kristin kirkja þarf síns skipulags við, svo sem aðrar stofnanir, og því betra sem hún gegnir æðra hlutverki en nokkur önnur, og þykir einsætt að halda þeirri skipan, sem bezt hefur reynzt umliðnar aldir. Biskupstign er meiri en það að vera æðstur skrifstofumaður einnar stofnunar, verk biskups meira en að fara í hátiðahéimsókn í hvert prófastsdæmi einu sinni á langri biskupsævi. Biskupi er falið að vera æðsti vörður „innar heilnæmu kenningar“ og sakramenta Drottins, vera það sem góður hirðir og trúr er sinni hjörð.

Köld hönd konungsvaldsins danska lagðist á biskupsstólana fornu, svipti þá tign og valdi, gripum og gögnum og kippti þeim að síðustu brott. Nú er það yðar hönd, háttvirtir alþingismenn, sem megnar að bæta um og færa aftur til innar giftudrjúgu skipanar.

Ég vil benda yður á, að Sigurgeir biskup Sigurðsson, sem þó var manna ólatastur til heimsóknna og visitaziuferða, taldi ofraun einum manni að þjóna biskupsembætti á Íslandi, ef rækja ætti það sem ber og tign þess hæfði.

Vér trúum því fast, að þjóðin þurfi að fá aftur inn „æðsta stað“ í Skálaholt, því að veður eru nú mörg í þjóðlífi voru, straumar hvíkulir og hníga til margra átta, og enn byrgir mörg blikan og lágbokan mörgum sólarvísun. „Guðs loga“ þurfum vér því aftur á inn „æzta stað og dýrðligasta“, sem á Íslandi hefur verið. En „inn allgöfgasti staður á Íslandi“ hlýtur að vera þýddur æðstri tign. Ella verður hann eigi til veggsgöngu í hafdjúpi alda og kynslóða.

Líf manna og þjóða er eigi tryggt með auðæfum þeirra né framförum einum, né nýskipan efnahags né menntun einni. „Inn dýri dómur“, sem Þorvaldur fór með og glæddur var í Skálaholti öldum saman, er öllu dýrstur.

Fáið oss því Skálaholtsstað aftur fullbúinn tign og þeirri vegsemd, er áður átti hann. Þá munu stjórnarvöld á Íslandi stýra gifturíkri þjóð.

Í umboði þeirra aðila, er að framan getur, felli ég þá bæn til ins háa Alþingis, er nú situr, að það verði við þeim óskum, er áður greinir.

Virðingarfyllt,
Gunnar Jóhannesson,
héraðsprófastur.

Til Alþingis.